

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1206****2022/EES/10/52****frá 30. apríl 2021**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB um búnað um borð í skipum að því er varðar gildandi staðal fyrir prófunarstofur sem samræmismatsstofur nota fyrir búnað um borð í skipum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB frá 23. júlí 2014 um búnað um borð í skipum og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB ⁽¹⁾, einkum 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2014/90/ESB er þess krafist að samræmismatsstofur eigi að uppfylla kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. viðauka, til að verða tilkynntar stofur.
- 2) Samræmismatsstofur eiga að tryggja að prófunarstofur, sem eru notaðar til samræmismats, uppfylli kröfur staðalsins EN ISO/IEC 17025.
- 3) Í staðlinum EN ISO/IEC 17025 eru tilgreindar almennar kröfur um hæfni, óhlutdrægni og samræmi í starfsemi prófunarstofa.
- 4) Árið 2017 birtu Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) endurskoðaða útgáfu af staðlinum EN ISO/IEC 17025 og afturkölluðu fyrri útgáfu af staðlinum en samt er hægt að nota hana á þriggja ára umbreytingartímabili sem lýkur í nóvember 2020.
- 5) Því ætti að breyta tilvísun í tilskipun 2014/90/ESB í staðalinn EN ISO/IEC 17025 til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 19. lið III. viðauka við tilskipun 2014/90/ESB kemur tilvísun í staðalinn „EN ISO/IEC 17025:2017“ í stað tilvísunar í „EN ISO/IEC 17025:2005“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 261, 22.7.2021, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 347/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 146.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
